

Súðavíkurhreppur  
Njarðarbraut 14  
420 Súðavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. mars 2015  
UST201503-091/B.S.

### Efni: Aðalskipulag - Súðavíkurhreppur – Lýsing. Umsögn

Vísað er til bréfs Súðavíkurhrepps dags. 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Hér er annars vegar um að ræða að formfest er í gildandi aðalskipulagi veglagning um Reykjafjörð sem framkvæmd var á árunum 2006 – 2008. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu hvað þessa breytingu varðar.

Hins vegar er um að ræða breytingu sem felst í aukinni sumarhúsabyggð á Reykjanesi.


Reykjanes er svæði nr. 321. á náttúruinjakrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.“


Í greinargerð kemur fram að við skipulagningu frístundabyggðar í hreppnum skuli hafa eftirfarandi sjónarmið að leiðarljósi: „Að lágmarka áhrif á náttúruna. Að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins. Að laga byggingar að landslagi og byggð.“

Umhverfisstofnun telur að ef reist verða 18 sumarhús á Reykjanesi sem er fremur lágt og mjótt nes sé veruleg hætt á að slíkur fjöldi bygginga gætu haft neikvæð áhrif á ásýnd Reykjanes, haft neikvæð áhrif á fuglalíf og dregið úr gildi svæðisins til útivistar.

Umhverfisstofnun telur að skilgreina ætti sumarhúsalóðir frekar á þeim svæðum sem teljast ekki hafa mikið náttúruverndargildi í stað þess að dreifa sumarhúsum um fallett svæði eins og Reykjanes sem talið er hafa mikið verndargildi. Einnig telur stofnunin að leggja ætti áherslu á að skilgreina sumarhúsabyggðir í tengslum við byggingar sem þegar eru til staðar í stað þess að taka lítt eða óbyggð svæði undir dreifða sumarhúsabyggð.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur